

## Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

### 1. fundur 2025 (132. fundur)

BIE/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 27.01.2025 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Viðstaddir:

|                              |                           |
|------------------------------|---------------------------|
| Guðmundur Björnsson          | formaður skipulagsnefndar |
| Einar Jón Pálsson            | skipulagsnefnd            |
| Jón B. Guðnason              | "                         |
| Margrét Lilja Margeirsdóttir | "                         |
| Magnús Stefánsson            | "                         |
| Björn Ingi Edvardsson        | skipulagsfulltrúi         |

#### 1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar, endurskoðun – vinnslutillaga

Engin viðbrögð hafa komið úr ráðuneytinu varðandi stöðu NA/SV flugbrautarinnar frá síðasta fundi nefndarinnar 16.12.2024. Í vinnslu er hjá Eflu að skoða nánari áhrif bygginga á Demantssvæðinu á vindafar við brautarenda og hávaða og ætti sú skoðun eða samantekt að liggja fyrir á næsta nefndarfund. Skipulagsfulltrúi fylgir því eftir og leggur fyrir næsta fund.

Kynnt var umsókn Isavia og Landhelgisgæslunnar um kostnaðarframlag úr Skipulagssjóði, sbr. 18. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna vinnu við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Í svarbréfi Skipulagsstofnunar kom fram að stofnunin felst á að greiða framlag úr Skipulagssjóði til verkefnisins þegar uppfærð gögn og upplýsingar berast þeim, og var það sent inn til Skipulagsstofnunar 10.01.2025.

#### 2. Framtíðartengingar út í Helguvík, erindi frá Landsnet

Lagt var fyrir skipulagsnefnd minnisblað frá Eflu, dags. 25.11.2024, fh. Landsnet um möguleg áform frekari tenginga út í Helguvík með rafstrengi. Landsnet hefur nýlega farið betur yfir stöðuna eftir beiðni frá Vegagerðinni um að skoða hversu mikið svæði gæti þurft fyrir framtíðartengingar út í Helguvík frá Fitjum, meðfram flugvallarsvæðinu. Sú skoðun hefur m.a. leitt í ljós að aðalskipulag Keflavíkurflugvallar markar ekki þá stefnu sem Landsnet sér nú fyrir sér.

Stefnt er að því að aðilar frá Isavia, Landhelgisgæslunni og formaður skipulagsnefndar fundi með Landsnet til að fara yfir minnisblaðið og næstu skref þannig að vinnslutillaga aðalskipulagsins taki mið af þeirri plássþörf sem þarf fyrir framtíðar rafstrengi. Landsnet telur raunhæft að gera ráð fyrir þremur 220kV strengjum frá Fitjum að Helguvík, auk núverandi 132kV strengs.

**3. Reykjanesbraut, Hafnavegur – Garðskagavegur. Tvöföldun.**

**Staðan á verkefninu kynnt og næstu skref**

Skipulagsfulltrúi fór yfir uppfærða valkostagreiningu Vegagerðarinnar varðandi breikkun Reykjanesbrautar þar sem nýjum valkosti, nr. 6, var bætt inn í greininguna sem kemur best út og er stefnt að því unnið verði áfram með hann í frekari vinnu og umhverfismati. Stefnt er að því að klára frumdrög í vor og þá verða til gögn sem hægt er að nýta varðandi t.a.m. aðalskipulagsbreytingar hjá sveitarfélögum. Síðan á að fara í förhönnun og stefnt að því að fara með umhverfismat áætlana í kynningu í byrjun árs 2026 og allar nauðsynlegar aðalskipulagsbreytingar sveitarfélaganna er þá hægt að kynna samhliða.

**4. Athafnasvæði AT12 í Reykjanesbæ. Aðalskipulagsbreyting**

Lögð var fram umsagnarbeiðni frá Reykjanesbæ til skipulagsnefndar vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar. Ópið er fyrir athugasemdir til 09.03. Megininntak breytingartillögu er að byggingarmagn á skipulagssvæðinu AT12, sunnan Fitja, er aukið úr 120.000 m<sup>2</sup> í 283.500 m<sup>2</sup>. Núverandi starfsemi á skipulagssvæðinu er fyrst og fremst gagnaver, en nú liggja fyrir áform um frekari uppbyggingu gagnavera og byggingu gróðurhúsa og miðað við þau áform þarf að auka verulega við byggingarheimildir. Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari er auglýst deiliskipulagsbreyting fyrir AT12.

Skipulagsnefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna.

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi við afgreiðslu máls þessa.

**5. Önnur mál**

Eiríkur Bjarnason sem hefur verið fundarritari skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar í 16 ár hefur látið af störfum og er honum þakkað fyrir vel unnin störf. Í undirbúningi er að að fá skipaðan nýjan fundarritara úr ráðuneytinu.

**6. Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 3. mars 2025.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>

BIE